



Borgarráð

Viljayfirlýsing til Byggingarfélags námsmanna

Í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreytt framboð húsnæðiskosta fyrir alla félagshópa og félagslega fjölbreytni innan hverfa, Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum er óskað eftir því að borgarráð samþykki viljayfirlýsingu milli Reykjavíkurborgar og Byggingarfélags námsmanna á þremur þróunarlóðum í Reykjavík fyrir allt að 140 íbúðum. Samhliða er veitt lóðarvilyrði fyrir allt að 65 íbúðum við Arnarbakka. Alls er gerð viljayfirlýsing og vilyrði fyrir allt að 205 íbúðum.

Ívar Örn Ívarsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hjálagt: óundirrituð viljayfirlýsing dags. 1. apríl 2022.

Viljayfirlýsing

Í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreytt framboð húsnæðiskosta fyrir alla félagshópa og félagslega fjölbreytni innan hverfa, Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum gera Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs, kt. 570480-0149, Ráðhúsi Reykjavíkur og Byggingarfélag námsmanna, kt. 700707-0750, Skeifan 19, 125 Reykjavík með sér svohljóðandi viljayfirlýsingu um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík á næstu árum:

1. Reykjavíkurborg lýsir yfir vilja til að úthluta lóðum með byggingarrétti fyrir búseturéttar- eða leiguíbúðir á vegum Byggingarfélags námsmanna, á eftirfarandi lóðum/svæðum:
 - a. Gufunes II: Áætluð úthlutun árið 2025 fyrir allt að 40 íbúðir.
 - b. Sóleyjarrimi: Áætluð úthlutun árið 2025 fyrir allt að 50 íbúðir.
 - c. Sæbrautarstokkur: Áætluð úthlutun árið 2027 fyrir allt að 50 íbúðir.
2. Samhliða veitir Reykjavíkurborg lóðarvilyrði fyrir allt að 65 íbúðum við Arnarbakka. Áætluð úthlutun er árið 2022.
3. Byggingarfélag námsmanna lýsir yfir vilja til að taka þátt í samstarfi um uppbyggingu hagkvæms húsnæðis á nýjum þróunarreitum í borginni.
4. Hönnun íbúðarhúsnæðis verði í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreyttar húsagerðir, blöndun íbúðargerða innan hverfa og aukið framboð smærri íbúða, fyrir alla félagshópa.
5. Verð byggingarréttar fer eftir nánara samkomulagi. Greidd verða gatanagerðargjöld í samræmi við gildandi gjaldskrá Reykjavíkurborgar hverju sinni.
6. Félagsbústaðir hf. hafa forkaupsrétt á föstu verði á allt að 5% íbúða sem byggðar verða og getið er um í 1. tölulið þessarar viljayfirlýsingar.
7. Nánari skilmálar lóðanna munu koma fram í úthlutunarbréfi og skipulagsgögnum.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, í samstarfi við Umverfis- og skipulagssvið er falið að framfylgja þessari viljayfirlýsingu.

Viljayfirlýsing þessi var samþykkt á fundi borgarráðs þann 31. mars. 2022

https://reykjavik.is/sites/default/files/husnaedisaaetlun/Myndir/2019/husnaedisaaetlun_reykjavikur_borgar_nov_2019.pdf

Reykjavík, 1. apríl 2022

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Byggingarfélags námsmanna